28. október 2026

Fréttabréf Hrafnagilsskóla

Ég kem í skólann til að **læra** og nýta **hæfileika** mína til fulls!

Kæru foreldrar og forráðamenn

Nú er haustönnin hálfnuð og tveir síðustu mánuðir ársins framundan. Haustið hefur einkennst af breytingum og framkvæmdum en nemendur voru margir hissa þegar þeir mættu í skólann í ágúst og miðálman snéri öfugt! Framkvæmdir hafa gengið vel og ótrúlegt hve það virðist trufla nemendur lítið þó verið sé að bora eða brasa allt í kringum þá. Við sjáum fram á fallegan og góðan skóla þegar framkvæmdum lýkur en næsti áfangi verður bókasafnið sem verður í miðálmu og snýr til norðurs. Nýi fjölnota salurinn okkar, Ásinn, er kominn í fulla notkun en við nýtum hann ásamt Krummakoti og Ungmennafélaginu Samherjum. Bekkjarhittingar eru nú í Ásnum og nýtingin á salnum er mjög góð.





Lestur og lestrarfærni



Lestrarferli barns hefst mun fyrr en flestir halda og hefst í raun þegar barn lærir að tala. Tungumálið er undirstaða lestrar. Góður orðskilningur barns eykur líkurnar á því að lesskilningur þess verði góður. Með því að nota tungumálið æfist hljóðkerfið og á þessum grunni liggur lesturinn.

Til þess að lesa þarf barnið að kunna hljóð allra stafa stafrófsins, ásamt því að geta umskráð þá yfir í merkingarbær orð. Orðin og innihald textans þarf að skilja og geta túlkað til þess að það kallist lestur.

Mikið hefur verið rætt um hraða lesturs og margir haft skoðanir á þeim þætti lestrar. Hraði í lestri er í sjálfu sér ekki takmarkið en til þess að geta skilið það sem lesið er þarf lesturinn að verða áreynslulaus. Lesarinn þarf að geta rennt augunum gegnum stafina og skilið merkingu þeirra án þess að finnast hann vera að lesa. Það má líkja þessu við að keyra beinskiptan bíl. Þegar byrjað er að keyra slíkan bíl fer mikill tími og athygli í það að skipta um gír á réttum tíma, að finna tengsl kúplingar á réttum tíma svo ekki sé talað um að taka af stað í brekku. Þetta álag veldur því að sá sem ekur tekur síður eftir umferðinni í kring og þolir illa áreiti á meðan, svo sem spjall. Ökumaðurinn er stressaður og álagið er mikið. Þeir sem eru vanir að keyra slíkt ökutæki þurfa hins vegar ekki að hugsa neitt um þetta meðan þeir keyra og geta fylgst vel með öllu, jafnvel spjallað og hlustað á útvarpið á meðan ekið er, algerlega áreynslulaust. Þetta þurfa góðir lesarar einnig að tileinka sér. Stafirnir þurfa að renna áreynslulaust í gegnum hugann, mynda orð og málsgreinar sem lesandinn skilur og getur lagt á minnið eða tileinkað sér, eftir því sem við á. Hraðinn skiptir því ekki raunverulega máli, heldur sjálfvirknin sem felst í hraðanum.

Þessi hæfni getur aðeins þjálfast með reglulegri æfingu. Nemendur æfa lestur og lestrartækni í skólanum en það er ekki síður mikilvægt að æfing fari fram heima, til þess að hver nemandi nái fram því allra besta sem í honum býr. Þessi hæfni mun koma sér vel og er nauðsynleg í öllu námi. Þeim mun meiri hæfni sem nemandinn hefur, þeim mun meiri tíma sparar hann sér. Í Hrafnagilsskóla ætlumst við til að nemendur lesi heima að minnsta kosti 5 sinnum í viku í að lágmarki 15 mínútur í senn. Til að halda utanum þessa þjálfun er mikilvægt að kvitta inn á Læsi nema um annað sé samið.

Lestur er því samleikur margra þátta, stafaþekkingar, sjálfvirkni, orðaforða og hæfni til þess að lesa á milli línanna og ályktа um innihald. Lestraræfing og lestrarfærni mun alltaf nýtast nemandanum í lífi og starfi.

Það vex sem að er hlúð

Föstudaginn 23. október var starfsdagur í Hrafnagilsskóla og Krummakoti. Ákveðið var að dagskrá yrði sameiginleg að hluta til með það að markmiði að starfsfólk skólanna kynntist betur og ræddi um sameiginlega snertifleti. Með tilkomu nýrrar leikskólabyggingar og fjölnota salarins Ássins er innangengt á milli skólanna og möguleikar á samstarfi því miklir.

Dagurinn tókst afar vel en að loknum kynningum á skólanum og farsældarlögum var hópefli og samsöngur en skólarnir buðu starfsfólki einnig í veglegt kaffi sem minnti einna helst á fermingarhlaðborð. Ljóst er að skólarnir eru ríkir af mannauði. Á heimasíðu skólans má lesa nánar um dagskrá dagsins.

Ólympíuhlaup ÍSÍ

Í haust tóku nemendur Hrafnagilsskóla þátt í Ólympíuhlaupi ÍSÍ. Hlaupið hófst á íþróttavellinum við skólann eftir sameiginlega upphitun og lá leiðin um hverfið og tjaldsvæðið í 1.100 metra hring. Nemendur völdu sjálfir hversu marga hringi þeir fóru og þeir sem fóru lengst hlupu 10 km.

Ólympíuhlaup ÍSÍ, sem áður hét Norræna skólahlaupið, hefur verið haldið í grunnskólum landsins frá árinu 1984 og er hluti af Íþróttaviku Evrópu. Markmið hlaupsins er að hvetja nemendur til reglulegrar hreyfingar og stuðla að betri heilsu og vellíðan. Áherslan er á þátttöku allra og að nemendur njóti þess að hreyfa sig án þess að vera að keppa.

Samanlagt hlupu nemendur skólans 570 kílómetra í hlaupinu. Skólinn skilar fjölda þátttakenda og heildarvegalengd inn til ÍSÍ og fær viðurkenningarskjal fyrir þátttökuna.





Stuðningsfulltrúar

Við skólann starfa átta stuðningsfulltrúar í mismunandi stöðuhlutföllum. Stuðningsfulltrúar starfa með kennurum að því menntunar- og uppeldisstarfi sem fram fer í skólanum. Þeir eru kennurum til aðstoðar við að sinna einum eða fleiri nemendum. Starf þeirra miðar að því að auka færni og sjálfstæði nemenda félagslega, námslega og í daglegum athöfnum. Stuðningsfulltrúar vinna oft eftir áætlunum sem kennarar útbúa í samráði við sérkennara, iðjuþjálfa, þroskaþjálfa eða annan ráðgjafa. Þeir aðstoða nemendur við að ná settum markmiðum samkvæmt einstaklingsnámskrá eða undir leiðsögn kennara. Stuðningsfulltrúar bera ekki ábyrgð á kennslu en eru mjög mikilvægir í daglegu starfi bekkja og þekkja börnin yfirleitt mjög vel.

Á döfinni:

30. október - sameiginleg samverustund í Ásnum kl. 8:15, nemendur í 3. og 8. bekk verða með atriði.

10. nóvember - danssýning nemenda í 5. - 10. bekk kl. 13:10 í íþróttahúsinu.

11. - 13. nóvember - þemadagar.

16. nóvember - hátíð í tilefni af Degi íslenskrar tungu í íþróttahúsinu kl. 13:00.

24. nóvember - sameiginleg samverustund í Ásnum kl. 8:15, nemendur í 4. og 7. bekk verða með atriði.

Dyggð októbermánaðar er ábyrgð.



Með kveðju,
Ása, Björk og Hobba

Allir hafa hið góða í sér og möguleikann til að verða betri manneskjur.